

Nr. 107 / 10 Óli málari ÍS 98**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6083
Smíðaður: Reykjavík 1979 plast
Stærð: 4,2 brl. 4,2 bt.
Mesta lengd: 8,59 m Skráð lengd: 7,83 m
Breidd: 2,19 m Dýpt: 1,3 m
Vél: Yanmar 35 kW 1989
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Óli málari ©Jón Páll Ásgeirsson

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. ágúst 2010 var Óli málari ÍS 98 á handfæraveiðum skammt sunnan Grænuhlíðar í Ísafjarðardjúpi. Veður A 5 m/sek

Þegar bátsverjinn ætlaði að ræsa vélina fór hún ekki í gang því startarinn snerist ekki og virtist ekki fá straum. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að gangsetja vélina og bátsverjinn óskaði eftir aðstoð og Einar ÍS 160 dró hann til hafnar á Ísafirði.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn bátsverjans var erfitt að komast að startaranum þó vélarúmskarmurinn væri fjarlægður því þá hindrar karmur niður við plitti aðkomu. Hann reyndi að starta með skrúfjárn;
- að í ljós kom að rafmagnspráður hafði farið í sundur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.